

LOFTBRÚ – SIGUR LANDSHLUTASAMTAKANNA

Á vormánuðum 2016 stóð Byggðastofnun fyrir kynnisferð til Skotlands. Þátttakendur voru starfsmenn frá landshlutasamtökum og atvinnuþróunarfélögum. Á fyrsta degi var skoska heimastjórnin heimsótt. Annan daginn Higland and Islands Enterprise, sem er einkonar byggðastofnun þeirra Skota. Á síðasta degi var svo háskólinn í Inverness heimsóttur, University of the Highland and Islands.

Á kynningu hjá skosku heimastjórninni var fluttur mjög áhugaverður fyrirlestur um Air Discount Scheme (ADS) eða „**Skoska leiðin**“. Fyrirlesari var Michael Bratcher.

Eftir heimkomu var settur á fót vinnuhópur á vegum Austurbrúar, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Samtaka sunnlenskra sveitafélaga. Markmið hópsins var að skila inn tillögu til stjórnvalda um hvernig staðfæra mætti ADS kerfið á Íslandi.

Vinnuhópurinn skilaði niðurstöðum sínum á málþingi um innanlandsflug og almenningssamgöngur sem haldið var á Hótel Natura í október 2017. Að málþinginu stóðu aðilar vinnuhópsins ásamt Byggðastofnun og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Jón Gunnarsson þáverandi ráðherra samgöngumála setti málþingið.

Fyrirlesarar voru Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar sem talaði fyrir hönd undirbúningshópsins, Ívar Ingimarsson formaður Þjónustusamfélagsins á Héraði, Katrín Halldóra Sigurðardóttir leikkona, Friðbjörg Matthíasdóttir forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar og Rachel Hunter svæðisstjóri fyrir Hjalmlandseyjar hjá Higland and Islands Enterprise (HIE) í Skotlandi sem kynnti skýrslu frá skoskum stjórnvöldum um kerfið þeirra Air Discount Scheme – skoska leiðin.

Eftir framsóguerindi stjórnáði Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Norðurlands norðurlandsráðgjafar þar sem reifaðar voru hugmyndir um hvernig skoska leiðin gæti litið út á Íslandi. Sveitarstjórnarfolk og margir áhugasamir þingmenn og ráðherrar mættu á málþingið sem var afar fróðlegt og má segja að þar hafi breið og góð samstaða myndast um að vinna þetta mál áfram.

Fyrir í þessum mánuði kynnti núverandi samgönguráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, útfærslu kerfisins á Íslandi sem hlotið hefur nafnið Loftbrú. Ekki er hægt að segja annað en að tæknileg útfærsla og aðlögun kerfisins hafi tekist sérstaklega vel.

Þetta er mikill sigur fyrir frumkvöðlastarf landshlutasamtakanna og atvinnuþróunarfélaganna sem upphaflega ýttu þessu máli af stað. Það er mikill sigur að nú séu flugsamgöngur skilgreindar sem almenningssamgöngur. Nokkur munur er samt á skoska kerfinu og Loftbrú sem helst felst í því að í Skotlandi er aðgangur að kerfinu ótakmarkaður, eins og almennt gerist um almenningssamgöngur, en Loftbrú gerir aðeins ráð fyrir þremur ferðum eða sex flugleggjum. Auk þess er niðurgreiðslan ytra 50% en 40% hér á landi. Það er því ljóst að fullum sigri hefur ekki verið náð og ljóst að baráttan fyrir þessu máli heldur áfram.



Loftbrú

40% afsláttur af innanlandsflugi fyrir íbúa landsbyggðarinnar.

Vegagerðin

Stjórnvald Skotskri Samgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafar



Á myndunum má sjá gesti málþingsins sem þótti vel til heppnað og átti sinn þátt í að yta málinu áfram



STYRKJAVERTÍÐ HAFIN

Á haustin er opnað fyrir talsvert af styrkjasjóðum og hvetjum við sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga að kynna sér vel möguleika þeim tengdum. Hægt er að hafa samband við starfsfólk SSNE varðandi aðstoð og leiðsögn.

Styrkir til meistaranema

Byggðastofnun auglýsir styrki til meistaranema sem vinna að lokaverkefnum á sviði byggðaðróunar. Kostur er að verkefni hafi skírskotun til byggðaaætlunar. Til úthlutunar eru allt að 1.000.000 kr. og stefnt að því að veita fjóra styrki

Umsóknarfrestur er til og með 10. nóvember 2020 og nánari upplýsingar er að finna [hér](#).

Tónlistarsjóður

Rannís auglýsir eftir styrkumsóknum í Tónlistarsjóð til verkefna sem efnt verður til á tímabilinu 1. janúar – 30. júní 2021. Umsóknarfrestur er til 2. nóvember kl. 16:00. Hlutverk Tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra.

Frekari upplýsingar er að finna [hér](#).

Matvælasjóður

Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Áhersla er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu um land allt. Sjóðnum er einnig heimilt að styðja við vöruþróun og markaðssókn á erlendum mörkuðum. Sjóðurinn fylgir eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn verkefni og rannsóknir einstaklinga og lögaðila. Umsóknarfrestur er til og með 21. september 2020.

Finna má frekari upplýsingar [hér](#).

C1- styrkir til sértækra verkefna á sóknaráætlanasvæðum

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur opnað fyrir umsóknir um framlög sem veitt eru til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða, sbr. aðgerð C.1 í stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024. Sérstök áhersla er lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf og verða verkefni sem hafa jákvæð áhrif á þróun byggðar og búsetu sett í forgang. Landshlutasamtök sveitarfélaga geta fyrir hönd sóknaráætlanasvæða sótt um framlög sem í boði eru, en alls verða allt að 76,5 milljónir króna veittar til sértækra verkefna svæðanna.

Starfsfólk SSNE hvetur sveitarstjórnir og aðra að kynna sér vel hvort og hvaða verkefni geti nýst landshlutanum til framdráttar og væri hægt að sækja um.

Umsóknarfrestur er til miðnættis 16. nóvember 2020 og hægt er að sjá nánari upplýsingar [hér](#).

KEA auglýsir eftir umsóknum

KEA auglýsir eftir umsóknum í eftirfarandi flokka:

1. Menningar- og samfélagsverkefni
2. Íþróttar- og æskulýðsstyrkir
 - a. Styrkir til ungra afreksmanna á sviði íþróttar
 - b. Styrkir til íþróttar- og æskulýðsfélaga
3. Rannsóknar- og menntastyrkir

Umsóknarfrestur rennur út 21. október fyrir alla styrki nema rannsóknar- og menntastyrki, þar er umsóknarfrestur til 28. október.

Frekari upplýsingar má nálgast [hér](#).

Uppbyggingarsjóður

Umsóknagátt fyrir Uppbyggingarsjóð SSNE opnast 5. okt. Frekari upplýsingar verður að finna á [ssne.is](#).

Minum á...

..að veittar verða 14 m.kr. í styrki til að takast á við áskoranir sem fylgja COVID-19 í félagsþjónustu og barnavernd í dreifðustu byggðum landsins. Umsóknarfrestur er til og með 12. október 2020.

..að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur auglýst eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2021. Umsóknarfrestur er til kl. 12 að hádegi 6. október. Framkvæmdasjóðurinn fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila.

Upplýsingar um styrki og sjóði er að finna á [ssne.is](#)

Betri lánakjör á landsbyggðunum

Byggðastofnun hefur undirritað samstarfssamning við European Investment Fund (EIF) um aðild að ábyrgðakerfi sjóðsins á grundvelli s.k. COSME áætlunar sem hefur það að markmiði að bæta aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja að lánsfjármagni á samkeppnishæfum kjörum. EIF er sjóður í eigu Evrópubankans, Evrópusambandsins og annarra minni opinberra aðila og einkaaðila. Ísland á aðild að EIF í gegnum aðild að EES samningnum. Samningurinn veitir Byggðastofnun 50% bakábyrgð á lánnum veittum úr tilteknum lánaflókum. Gerir þetta stofnuninni kleift að útvíkka þessa lánaflokka og mæta þar með lánsþörfum landsbyggðanna enn betur en áður.

Frekari upplýsingar má finna [hér](#).

ALMENNINGSSAMGÖNGUR MILLI BYGGÐA

SSNE hlaut á dögnum styrk úr sjóði **A.10. Almenningsamgöngur um land allt** úr Byggðaáætlun 2018-2024.

Verkefnið felst í að greina og setja fram rekstraráætlun tengda samlegð farþega og pósthlutninga á milli Húsavíkur og Þórshafnar. Stefnt er að því að finna fjármagn til að setja af stað tilraunaverkefni á næsta ári. Verkefnið er styrkt um 2.800.000 kr. að þessu sinni sem nýttist í ofangreinda vinnu. Verið er að auglýsa eftir verkfnastjóra í það verk og sjá má þá starfsauglýsingu [hér](#).

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra- SSNE leita að verkefnastjóra

SSNE auglýsir eftir verkefnisstjóra í afmarkað og tímabundið verkefni. Verkefnið sem um ræðir er styrkt af A.10. Almenningsamgöngur um land allt úr Byggðaáætlun 2018-2024.

Verkefnið ber heitið **Samfélagsleg nýsköpun- Samlegð farþega- og pósthlutninga á Norðurlandi**. Verkefnið felst í að tengja saman hagaðila og setja upp rekstrarhæft viðskiptamódel ásamt því að setja upp leiðatöflu sem tekur til allra þátta s.s. þjónustu við íbúa, pósthjónustu og ferðaþjónustu. Svæðið sem um ræðir er frá Húsavík til Þórshafnar.

Verkefnastjóri þarf að hafa til að bera eftirfarandi menntun og/eða hæfni

- Menntun sem nýttist verkefninu s.s. viðskiptafræði, verkefnastjórnun o.s.frv.
- Reynslu af verkefnastjórnun með mörgum hagaðilum
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Góða íslenskukunnáttu og reynslu í að setja fram gögn í skýrslum
- Góða excel kunnáttu
- Framúrskarandi samskiptahæfileika.

Hlutverk SSNE er að þjónusta sveitarstjórnir og atvinnulíf á starfssvæði landshlutasamtakanna til að ná framangreindum markmiðum– með eftirfarandi hætti:

- Innleiða og fylgja eftir sóknaráætlun og byggðaáætlun, þ.á.m. með úthlutun fjármuna og styrkja til einstakra verkefna, svo sem fyrir er mælt í lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlun
- Gæta hagsmuna aðildarsveitarfélaganna utan starfssvæðisins
- Vinna að málum sem eru aðildarsveitarfélögum sameiginleg innan starfssvæðisins
- Stuðla að öflugu atvinnusvæði til framtíðar með stuðningi við nýsköpun og atvinnuþróun, mótun svæðisskipulags og hagsmunagæslu þar að lútandi
- Annast greiningar, þekkingaröflun og þekkingarmiðun sem nýtast hlutverki SSNE



Umsóknarfrestur er til og með 12. október 2020. Umsóknir skal senda á ssne@ssne.is. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Silju í síma 8661775/netfang silja@ssne.is og Nönnu Steinu í síma 4649982/netfang nanna@ssne.is.

SLEÐAHUNDAGLEÐI!

Tekið var hús á Sæmundi og Bergþóru, stofnendum Sleðahundagleði en verkefnið hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði SSNE 2020

Segðu okkur aðeins frá þessu skemmtilega nafni, Sleðahundagleði í Reykjadal.

Hundasleðagleði er nafn sem við völdum því að það er bara svo gaman í vinnunni. Í nafninu sameinast ánægja okkar, viðskiptavinanna og hundanna.

Hvert er nýnæmi verkefnisins? Hver er ykkar sérstaða?

Hundasleðafyrirtæki eru ekki mörg hér á Íslandi, en möguleikarnir eru gríðarlega miklir. Margir okkar gestir koma eingöngu norður í land til að fara á hundasleða. Við leggjum við mikið uppúr því að vera með góða aðstöðu fyrir hundana sem hlaupa lausir í girðingum með gott rými til að leika sér í stað þess að vera hlekkjaðir við hús eins og tíðkast sumstaðar. Þá erum við að byggja upp þjálfunaraðstöðu til að bjóða upp á sýningar í hundafimi sem verður einstakt framtak á heimsvísu.

Þið hlutuð styrk úr Uppbyggingarsjóði til að stækka og betrubæta inniaðstöðuna. Hvernig hefur verkefnið gengið?

Vegna skorts á ferðamönnum á tímum Covid-19 gafst okkur tækifæri til að klára nær allar framkvæmdir við inniaðstöðuna. Framundan er að setja upp salernisaðstöðu, fullklára þjálfunarsalinn, setja upp svið og í skoðun er að setja upp eldstæði í aðalrými hússins til að auka upplifun gestanna okkar.

Eruð þið bjartsýn fyrir veturinn?

Við horfum á veturinn með björtum augum og aðlögm okkar markaðsstarf að íslenskum gestum ef landið helst áfram lokað. Hér er yndislegt að vera og hundarnir bíða spenntir eftir því að hlaupa af stað. Við tökum vel á móti öllum og hlökkum til að sjá sem flesta hér í Reykjadal en það er opið hjá okkur allt árið um kring.



SAMTALIÐ

Ágrip frá framkvæmdastjóra

Árþing SSNE verður haldið 9. og 10. október. Við höfum verið að vinna með útfærslur eftir því hvernig staða Covid-19 þróast á hverjum tíma og núna liggur það fyrir að árþingið verður haldið í netheimum. Ástæðan er sú að það er ekki talið ábyrgt að stefna fólki saman til þings eins og staðan er. Við erum spennt fyrir því að takast á við þá áskorun að halda rafrænt þing og hlökkum til að „hitta“ sem flesta á þinginu okkar.

Sem hluta af undirbúningi sveitarfélaga fyrir árþing SSNE var boðið upp á fund með kjörnum fulltrúum til að ræða m.a. Sóknaráætlun Norðurlands eystra, sem er sú stefna sem sett hefur verið fyrir landshlutann í breiðu samstarfi hagaðila á svæðinu. Það er nauðsynlegt að minna reglulega á mikilvægi Sóknaráætlunar, tilgang hennar og notagildi. Flest sveitarfélögin á svæðinu þáðu boð okkar um fund og samtal og var almenn ánægja með þá fundi, samtalið sem þar fór fram og þá miðlun upplýsinga sem þessi samtalsvettvangur hafði í för með sér. Við munum sannarlega leggja áherslu á að auka samskipti af þessu tagi, það er ekki síst gott fyrir SSNE að eiga samtalið og fá endurgjöf frá sveitarfélögunum og öðrum.

14. september var haldinn fundur SSNE, Markaðsstofu Norðurlands og þingmanna kjördæmisins. SSNE fór yfir stöðu helstu atvinnugreina á starfssvæðinu og Markaðsstofan ræddi stöðu ferðaþjónustunnar. Fundurinn var mjög góður og upplýsandí og allir aðilar lýstu vilja til þess að halda aftur slíkan fund áður en langt um líður.

SSNE hélt fundi með sveitar- og bæjarstjórum á svæðinu 11. og 25. september. Á fyrri fundin kom Guðni Geir Einarsson frá sveitarstjórnar og samgönguráðuneyti og ræddi Jöfnunarsjóð. Seinni fundurinn var haldinn með Sambandi íslenskra sveitarfélaga en hann snérist um kjarasamningamál og tengt efni. Þann fund sátu einnig nokkrir kjörnir fulltrúar.

Við erum nú komin á flug í stefnumótunarvinnu okkar og munum vinna rösklega að því verkefni á næstu vikum. Afurðir þeirrar vinnu verða nýttar til að skerpa fókussinn á mikilvægustu verkefni, vinna markvisst að kynningar- og samskiptamálum, efla innri starfsemi og efla samstarf og samskipti við hagaðila á starfssvæðinu og utan þess. Aðgerðaráætlun til að ná þeim markmiðum verður gerð og fylgt markvisst eftir. Samhliða okkur „hefðbundnu“ verkefnum erum við nú með í virkni starfshópa sem vinna að einstökum verkefnum eins og skjalamállum, endurskoðun byggðaaætlunar, nýsköpun, samskiptastefnu SSNE og úrgangsmálum svo eitthvað sé nefnt.

Með kærri kveðju, Eyþór Björnsson

Árþing SSNE

Árþing SSNE verður dagana 9. og 10. október. Það verður auglýst ítarlega bæði á vefsíðu SSNE og með tölvupóstum.

Finna má upplýsingar um hverjir hafa seturétt, áheyrnarfulltrúarétt, tillögurétt og atkvæðarétt í samþykktum SSNE sem finna má [hér](#).

Vekjum athygli að allir einstaklingar og lögaðilar sem eiga lögheimili á starfssvæði landshlutasamtakanna hafa seturétt á þingum SSNE.

Hæfnihringir á netinu Stuðningur við konur í rekstri á Norðurlandi eystra

SSNE býður konum í rekstri, eða sem hyggja á rekstur, á svæðinu að taka þátt í svokölluðum Hæfnihringjum sem fara fram í fjárfundum og hefjast 13. október. Þessum fundum sem stjórnað er af leiðbeinanda er ætlað að styrkja hæfni og færni þátttakenda, veita þeim stuðning og efla tengslanet þeirra. Hver fundur er 1,5 klst langur og stefnt er á 5 fundi með tveggja vikna millibili. Þetta er samstarfsverkefni nokkurra landshlutasamtaka og verða þátttakendur af öllu landinu. Hægt er að skrá sig [hér](#) en frekari upplýsingar veitir Rebekka Kristín Garðarsdóttir í rebekka@ssne.is.

Taktu þátt og hafðu áhrif!

Það getur þú gert með því að taka þátt í íbúakönnun landshlutanna sem er nú í gangi um allt land. Könnunin hefur hingað til nýst okkur hjá landshlutasamtökunum í að meta og hafa yfirlit yfir raunverulega stöðu okkar á landsbyggðinni. Hún hefur mótað áherslur í starfi okkar og breytt forgangsröðun þess.

Könnunin hefur nýst inn í hverskonar stefnumótun sem landshlutasamtökin hafa þurft að fara í og leggur því línurnar inn í framtíðina sem er mikilvægt í málum sem vinna þarf stöðugt að yfir langan tíma. Upplýsingarnar hafa einnig nýst okkur í hagsmunabaráttu fyrir landshlutana. Fólk tekur mark á upplýsingum sem koma frá miklum fjölda fólks þar sem söfnun og úrvinnsla er faglega unnin.

[Taktu þátt hér!](#)

Viðverutímar starfsmanna

Starfsmenn SSNE vinna á fimm starfsstöðvum: Húsavík- Baldvin og Ari eru þar flesta daga vikunnar á milli 9:00 og 16:00. Silja er alla daga vikunnar nema þriðjudaga. Eyþór er þar tvo daga í viku, meginreglan er að hann sé þar miðvikudaga og fimmtudaga en það er nokkuð breytilegt eftir dagskrá hverrar viku. Akureyri- Elva, Rebekka, Helga María og Vigdís eru þar flesta daga vikunnar á milli 9:00 og 16:00. Bakkafjörður- Ólafur Áki er með starfsstöð á Bakkafirði en viðvera er mismunandi. Raufarhöfn- Nanna Steina er þar alla daga vikunnar nema föstudaga á milli 9:00 og 16:00. Kópasker- Lotta er með starfsstöð en viðvera er mismunandi. Grímsey- Karen Nótt er þar flesta daga á milli 9:00 og 16:00.

Vinsamlegast notið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi því þó svo viðvera sé tiltölulega föst þá er vissara að vera búin að tryggja að starfsfólks sé til staðar. Allar tenglaupplýsingar má finna [hér](#).